

**Yfirlýsing**  
**Lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Danmerkur**  
**um samstarf í víðari skilningi um öryggis- og varnarmál og almannavarnir**

1. Ísland og Danmörk staðfesta pólitískan vilja til þess að eiga samráð um öryggis-, og varnarmál og almannavarnir á Norður-Atlantshafssvæðinu, ásamt því að samræma slík mál og eiga samstarf um þau. Þetta er gert með stoð í Norður-Atlantshafssamningnum, aðild landanna að Atlantshafsbandalaginu og þeim skuldbindingum sem af því leiðir.

2. Meginmarkmið okkar er, með sameiginlega hagsmuni okkar á Norður-Atlantshafssvæðinu í huga, að stuðla að varanlegum stöðugleika og öryggi á því svæði. Gæta ber þessara sameiginlegu hagsmuna með auknu samstarfi milli landa okkar sem verður þróað enn frekar í félagi við önnur aðildarríki að Atlantshafsbandalaginu á sama svæði. Ísland og Danmörk hafa þegar komið á nytsamlegu samstarfi um öryggis- og varnarmál og almannavarnir. Sem dæmi má nefna samkomulagið frá 11. janúar 2007 um samstarf á sviði eftirlits með fiskveiðum og mengun og á sviði liðsmannaskipta.

3. Tvíhliða samráð hefur farið fram í því skyni að leggja grunn að opinni og raunhæfri áætlun um aukið samráð, samhæfingu og samstarf um málefni er varða gagnkvæma hagsmuni á sviði öryggis- og varnarmála og almannavarna, að meðtöldum þeim hagnýtu samstarfssviðum sem þegar nýtast vel.

4. Efna ber til samstarfs á sviðum þar sem unnt er að ná fram samlegð báðum til hagsbóta með þeim viðbúnaði sem nú er til staðar og á raunhæfan hátt.

5. Ísland og Danmörk eru því sammála, á þeim forsendum sem fyrr getur, að eftirfarandi þættir skuli vera undirstaða aukins samstarfs landanna:

5.1. Ísland og Danmörk lýsa yfir vilja sínum til þess að efna til samráðs embættismanna frá viðkomandi yfirvöldum á hálfis árs fresti um mál er varða gagnkvæma hagsmuni á sviði öryggis- og varnarmála og almannavarna. Samráðsfundir skulu fara fram til skiptis á Íslandi og í Danmörku.

5.2. Viðkomandi innlendum yfirvöldum ber að tilgreina og tilkynna hvor öðrum um virkar samskiptaleiðir og tengiliði á milli viðeigandi stofnanna.

5.3. Kerfisbundin upplýsingaskipti skulu fara fram þegar það á við vegna frekari samræmingar og samstarfs viðvíkjandi málum er varða gagnkvæma hagsmuni. Skipti á trúnaðarupplýsingum eða upplýsingum, sem eru verndaðar með öðrum hætti, skulu fara fram samkvæmt tvíhliða samkomulagi milli Íslands og Danmerkur og því verklagi Atlantshafsbandalagsins sem þegar hefur verið komið á.

5.4. Danmörk mun leitast við að leggja skerf til þjálfunar íslensks, borgaralegs starfsliðs á tilteknum sviðum þegar því verður við komið. Ísland og Danmörk skulu semja um einstök atriði slíks framlags í hverju tilviki fyrir sig.

5.5. Ísland og Danmörk munu, með hliðsjón af yfirstandandi samstarfi um almannavarnir á vettvangi fundar norrænna yfirmanna almannavarna, kanna þann kost að efla enn frekar samstarfið á sviði viðbragða við neyðarástandi sem ógnar öryggi borgaranna.

5.6. Ísland og Danmörk munu kanna hvort unnt sé að auka samstarf landanna um framlag þeirra til fjölþjóðlegra aðgerða og æfinga, jafnt borgaralegra sem hernaðarlegra. Meðal slíkra kosta gæti verið samstarf sem felst í aðgerðum á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, hugsanleg sameiginleg þjálfun, skipti á reynslu af bestu starfsvenjum og reynslu frá leiðangurssvæðum.

5.7. Ísland og Danmörk munu kanna með virkum hætti tækifæri til gagnkvæmra heimsóknna og þátttöku í borgaralegri og hernaðarlegri þjálfun og æfingum með t.d. dönskum og íslenskum flugvélum, þrylum, her- og varðskipum og sérsveitum innan vébanda Atlantshafsbandalagsins.

5.8. Ísland mun veita dönsku starfsliði og starfsemi, sem tengist samstarfsverkefnum á íslensku yfirráðasvæði sem samkomulag er um, stuðning viðtökuríkis. Umfang og eðli þess stuðnings viðtökuríkis sem Ísland skal veita ber að ákveða í hverju tilviki fyrir sig áður en samstarfsverkefnin eru leyst af hendi. Ísland mun bera áður umsaminn kostnað vegna staðsetningar liðsmanna, kosta og nauðsynlegs stuðnings á landi í tengslum við nýtingu Dana á mannvirkjum á Keflavíkurflugvelli.

ÓSLÓ,

Valgerður Sverrisdóttir,  
utanríkisráðherra  
lýðveldisins Íslands

Per Stig Møller,  
utanríkisráðherra  
konungsríkisins Danmerkur